

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skeljungur hf.
kt. 590269-1749

Starfsstöð: Fagradalsbraut 13, 700 Egilsstaðir
Fastanúmer: 217-5618

Leyfið gildir frá 17. apríl 2019 til 17. apríl 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- eldsneytisafgreiðslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Skeljungur hf., kt. 590269-1749

Starfsstöð: Fagradalsbraut 13, 700 Egilsstaðir

Fastanúmer: 217-7110

Leyfið gildir frá 17. apríl 2019 til 17. apríl 2031

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **eldsneytisafgreiðslu með þvottaplaní**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 13. febrúar 2019.

Lög sem um starfsemina gilda eru meðal annars

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda svo sem

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda.

Um er að ræða eldsneytisafgreiðslu þar sem selt er jarðefnaeldsneyti. Eingöngu er um að ræða sjálfsafgreiðslu.

Á lóðinni eru þrír tvískiptir 50.000 L neðanjarðar stálgeymar sem teknir voru í notkun 2014. Birgðarými þeirra er sem hér segir:

- Geymir 1: 50.000 L tvískiptur geymir, þ.e. 2*25.000 L 95 oktan bensín
- Geymir 2: 50.000 L tvískiptur geymir, þ.e. 25.000 L vélaolía og 25.000 L disel olía
- Geymir 3: 50.000 L tvískiptur geymir, þ.e. 2*25.000 L disel olía

Geymar voru smíðaðir af CGH í Póllandí árið 2014 og uppfylla staðalinn EN12285-1. Um er að ræða tvöfalta geyma með lekaeftirliti á rými milli ytra og innra geymis. Rýmið á milli er fyllt með vökva undir þrýstingi. Til staðar er gufuendurheimtunarbúnaður og áfylli- og yfirfyllivörn.

Um starfsemina gilda m.a.:

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir bensínstöðvar*

2. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita sambættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

2.1. Mengunarvarnir fráveitu

2.1.1. Samþyggð sand- og olíuskilja

Fráveita frá áfylli- og afgreiðsluplani er leidd um sand- og olíuskilju. Um er að ræða samþyggða sand- og olíuskilju af gerðinni NS 6-II með sýnatökubrunni að aftan. Skiljan er með $1,5 \text{ m}^3$ sandfang og $2,25 \text{ m}^3$ olíufang. Við olíuskilju er vöktunarþúnaður skv. ÍST EN 60079-10:2003. Viðvörunarþúnaður telst ekki virkur nema hann verði tengdur vakt síma eða á annan hátt séð til þess að viðbrögð verði tafarlaus ef búnaðurinn gefur frá sér viðvörun. Þangað til skal magn vökv í olíuskilju mælt mánaðalega.

Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunnar um olíuskiljur. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Viðurkenndur aðili með tilskilin leyfi skal annast tæmingar og skal það gert eftir þörfum en þó eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

2.1.2. Sandfang

Fráveita frá þvottaplani er leidd um sandskilju. Alla þjónustu, eftirlit og viðhald skal skrá og dagsetja í rekstrarhandbók.

2.2. Mengunarvarnarbúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunarhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður.

3. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

3.1. Sýnataka af fráveitu frá olíuskilju

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni frá olíuskilju á þriggja ára fresti, fyrst innan árs frá útgáfu starfsleyfisins. Rannsaka skal magn olíu og fitu í fráveituvatninu. Losunarmörk eru að hámarki 15 ppm af olíu í fráveituvatni frá skiljunni. Mælist mengun yfir mörkum skal fyrirtækið grípa til ráðstafana til að draga úr menguninni og taka sýni á ný innan 4ra vikna. Þetta skal endurtaka þar til olíu í fráveituvatni er innan viðmiðunarmarka. Rannsóknaniðurstöður skulu sendar til Heilbrigðiseftirlits Austurlands og skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

3.2. Þrýstiprófanir

Rekstraraðili skal láta þrýstiprófa olíulagnir eftir breytingar og viðgerðir. Niðurstöður prófana og breytinga skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

3.3. Sjálfvirkur búnaður

Rekstraraðili skal láta prófa allan sjálfvirkan búnað, s.s. nema, loka o.b.h., árlega. Niðurstöður skal færa í rekstrarhandbók starfstöðvar.

4. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal halda rekstrarhandbók fyrir starfstöðina sem skal vera aðgengileg fyrir umsjónaraðila starfstöðvar og eftirlitsaðila. Heimilt er að vista handbókina miðlægt.

4.1. Tæknilegar upplýsingar

Í handbókinni skulu koma fram tæknilegar upplýsingar um helstu mannvirki sem og olíugeyma, olíu- og sandskiljur, olíulagnir og lagnakerfi, þ.m.t. fráveitulagnir, mengunarvarnir, slökkvibúnað, útsláttarrofa fyrir dælubúnað og dælu- og rafbúnað.

Halda skal skrá yfir olíugeyma þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram: nafn framleiðanda, staðsetning olíugeymis, olíutegund, númer geymis, byggingaár, líftími olíugeymis sé hann uppgefinn, stærð og smíðastaðall. Ennfremur skal skrá tegund yfirfyllivarnar og tegund lekaviðvörunar.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

4.2. Innra eftirlit

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Í handbókina skal skrá og dagsetja innra eftirlit með eftirtalin atriði, ef við á.

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á olíu- og sandskiljum. Við tæmingu skal skrá magn sands og olíusora sem er tekið.
- Rannsóknaniðurstöður sýnatöku fráveitu frá olíuskilju
- Eftirlit og meiriháttar viðhald, endurbætur og feril olíugeymis
- Mánaðarlegt birgðauppgjör geyma
- Eftirlit með millibyrði geyma
- Þrýsti- og lekaprófanir á geymum og lögnum
- Niðurstöður þykktamælinga á geymum
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim
- Árlegar prófanir á sjálfvirkum búnaði
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna

5. Mengunarslys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

6. Starfsemi hætt

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Fjarlægja skal geyma, lagnir og annan búnað sem tengist starfseminni af og úr jörðu og skilja við svæðið þannig að sem minnst ummerki verði eftir í samræmi við fyrirfram gerða áætlun sem skal liggja hjá Heilbrigðiseftirlitinu og öðrum hlutaðeigandi. Komi í ljós mengun í jarðvegi skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarbörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Niðurrif olíugeyma, olíuskilja og lagna er byggingaleyfisskylt.

Heilbrigðisnefnd getur, ef ríkar ástæður krefja, heimilað að gengið sé frá olíugeymum á staðnum, ásamt lögnum tengdum, í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

7. Annað sem varðar starfsemina

7.1. Fráveita

Afrennsli frá skiljum er leitt í fráveitu sveitarfélagsins á Egilsstöðum.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

7.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlæður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

7.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.

Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

17. apríl 2019

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



17. apríl 2019

Skeljungur hf.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir eldsneytisafgreiðslu á Fagradalsbraut 13, 700 Egilsstöðum

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur bensínstöðvar með sjálfafgreiðslu á Fagradalsbraut 13, 700 Egilsstöðum barst 13.2.2019. Umsækjandi er Skeljungur hf., kt. 590269-1749.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 19. mars sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 16. apríl 2019.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi